

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um friðlýsingu menningarlandslags í Laugarnesi

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að unnið verði með Minjastofnun að friðlýsingu menningarlandslags í Laugarnesi skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Umhverfis- og skipulagssviði og menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar verði falið að vinna með Minjastofnun að drögum að friðlýsingu sem stofnunin hefur lagt fram.

Greinargerð

Laugarnesið hefur verið í áratugi á náttúruminjaskrá. Gamli kirkjugarðurinn sunnan við bæinn hefur verið friðlýstur síðan 1930 og bæjarstæðið frá 1987, hvort tveggja undir þjóðminjalögum sem í dag heita lög um menningarminjar. Minjasvæðið á Laugarnestanga er eitt fárra svæða innan marka þéttbýlis borgarinnar með nokkuð heildstætt menningarlandslag og sögu stuttu eftir landnám og til dagsins í dag. Náttúrufarið er líka einstakt. Það hefur því aldrei verið mikilvægara að halda í þetta stórmerkilega menningarlandslag, samspil náttúru og minja, sem er hvergi að finna annars staðar í Reykjavík og því leggur borgarstjórn til að hefja vinnu við að friðlýsa menningarlandslag Laugarnestanga.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar til 2040 er Laugarnestangi skilgreindur sem opið svæði og er hluti hans undir hverfisvernd. Sú friðlýsing sem fyrirhuguð er hefur ekki áhrif á hverfiverndina. Þá er fjara Laugarnestanga á C-hluta náttúruminjaskrár og fellur þannig undir lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Árið 2016 var unnin verndaráætlun fyrir minjasvæði á Laugarnesi en þar segir m.a.: „Minjasvæðið á Laugarnestanga er eitt fárra svæða innan marka þéttbýlis Reykjavíkurborgar þar sem hægt er upplifa nokkuð heildstætt menningarlandslag sem segir söguna allt frá því stuttu eftir landnám og til dagsins í dag. Náttúrufarið á Laugarnesi gerir svæðið einstakt í Reykjavík þar sem hægt er að horfa yfir nesið og út í Viðey án truflunar frá mannvirkjum nútímans. Mikilvægt er að halda í þetta merkilega menningarlandslag, samspil náttúru og minja, sem er hvergi að finna annars staðar í Reykjavík.“

Eins var unnin samantekt fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð árið 2020 um tækifærin fyrir svæðisbundna náttúruvernd í Reykjavík og þar er fjallað um Laugarnestangann: „Laugarnestanginn er áhugavert svæði því þar er um að ræða svæði með hátt sögu- og menningargildi en einnig mikilvægt gildi fyrir náttúruvernd. Þar er síðasta óraskaða fjaran á allri norðurströnd Reykjavíkur vestan Elliðaána. Gróðurfar er fjölbreytt en mikið mótað af áhrifum mannvistar, bæði landbúnaðar frá fornu fari en tún Laugarnesbýlisins standa enn, sem og frá búsetu á síðustu öld en ýmis hús hafa staðið á nesinu og rask á svæðinu því töluvert.“

Þá hefur Minjastofnun lagt til að Laugarnesið verði friðlýst og að friðlýsingin taki til menningarlandslags á grundvelli 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Þar segir m.a.: „Friðlýsa má fornleifar, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi“.

Markmið Minjastofnunar með friðlýsingunni er að sameina í minjaheild búsetuminjar á Laugarnesi sem sýna þróun svæðisins frá landnámi til dagsins í dag.

Afmörkun svæðisins markast af strandlengju Laugarnestanga til vesturs og norðurs, Klettagörðum til austurs og Sæbrautar til suðurs og er um 11,6 ha. að stærð. Ekki er gert ráð fyrir 100 metra friðhelguðu svæði umhverfis hið friðlýsta svæði og jafnframt fellur úr gildi núgildandi 100 metra friðhelgun bæjarhóls Laugarness og hins gamla kirkjugarðs.

Í rökstuðningi fyrir friðlýsingunni segir m.a.: „Á Laugarnestanga má sjá áhrif mannsins á umhverfi sitt allt frá upphafi byggðar í Reykjavík fram á okkar daga. Menningarlandslag Laugarnestanga er því mikilvægur hluti af sögu Reykjavíkur og er eitt fárra svæða innan marka þéttbýlis Reykjavíkurborgar þar sem hægt er upplifa svo heildstætt menningarlandslag. Það sem er sýnilegt á yfirborði eru minjar frá ólíkum tímabilum í sögu Íslands. Þar má m.a. sjá leifar kirkjugarðs, bæjarhóls og beðasléttna auk minja um hjáleigubúskap og sjósókn. Einnig eru leifar embættisbústaðar biskups, holdsveikraspítala og stríðsminja. Loks má benda á mikilvægar sjónlínur milli Laugarness og Viðeyjar, þá sérstaklega Viðeyjarstofu sem gefur svæðinu aukið menningarsögulegt gildi.

Minnst er á Laugarnes í Njálssögu og átti Hallgerður langbrók að hafa búið þar áður en hún kynntist Gunnari á Hlíðarenda. Þá segir munnmælasaga að hún hafi flutt aftur á nesið eftir dauða Gunnars og hafi verið grafin þar í svonefndu Hallgerðarleiði. Elstu heimildir um kirkju á Laugarnesi er máldagi frá 1235. Má því leiða að því líkum að mun meira af fornleifum leynist undir yfirborði.

Frá Laugarnestanga eru enn sjónlínur að elsta uppistandandi húsi Reykjavíkur, hinni friðlýstu Viðeyjarstofu sem byggð var árið 1753 sem embættisbústaður Skúla Magnússonar landfógeta. Þessar sjónlínur gefa svæðinu aukið menningarsögulegt gildi. Sjónlínur að Viðeyjarstofu eru annars að nokkru leyti horfnar í borgarlandinu vegna seinni tíma byggðar sem heftir útsýni að Viðey.

Á Laugarnesinu stóðu byggingar sem tilheyrðu ólíkum stéttum samfélagsins. Embættisbústaður Steingríms Jónssonar biskups, Laugarnesstofa, var reistur af verkamönnum frá Danmörku í Laugarnesi árið 1824 og stóð til þar til Holdsveikraspítaliinn var reistur árið 1898.

Vestast á Laugarnestanganum var braggahverfið Laugarneskampur, sem samanstóð af um það bil 100 bröggum og öðrum byggingum. Setuliðið hafði aðstöðu sína í kampnum á stríðsárunum, en seinna breyttist Laugarneskampur í íbúðabyggð sem var fjölmennust á árunum 1951-1957 en síðasti bragginn var rifinn um 1980. Þessi íbúðabyggð setti mikinn svip á Laugarnesið og hafa margir Íslendingar sögulega tengingu við svæðið vegna hennar.“